

Þróun fjósgerða og mjaltataekni á Íslandi 2015-2017



Landssamband kúabænda
2018

*Forsíðumynd: Frá byggingu fjóss með fjórum mjaltapjónum að Gunnbjarnarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Myndasmíður: Auður Olga Arnarsdóttir*

Formáli

Landssamband kúabænda hefur allt frá árinu 2003 tekið saman í skýrslur upplýsingar um fjósgerðir og mjaltatækni á Íslandi og fylgt þannig eftir verkefni BÍ og búnaðarsambanda landsins frá árinu 1995, sem gert var upp árið 1998. Skýrslur þessar hafa verið gefnar út annað hvert ár og kemur hér því áttunda skýrslan um þróun fjósgerða og mjaltatækni á Íslandi. Þessar skýrslur LK gefa afar greinargóða mynd af þróuninni og hafa á þessum stutta tíma orðið gríðarlegar breytingar á húsvist íslenskra mjólkurkúa, sem og á þeirri mjaltatækni sem notuð er.

Líkt og í fyrri skýrslum, þá byggir úrvinnsla skýrslunnar á gögnum sem koma víða að, auk þess að byggja á eldri gögnum. Auk þess byggir gagnagrunnurinn um fjósgerðir og mjaltatækni á persónulegri þekkingu þeirra sem leitað var til og eru taldir upp hér fyrir neðan. Þar sem gögnin koma víða að er ekki hægt að útiloka minniháttar frávík, en ef einhver eru þá hafa þau að líkindum ekki teljandi áhrif á niðurstöður.

Við gagnavinnsluna hefur alla tíð verið horft til aðbúnaðar kúnna, þ.e. hvort þær eru í lausagöngu eða bundnar á bása og þá síðan horft til mjaltatækninnar til nánari flokkunar og síðast til vinnuhagræðingarþáttar varðandi sjálfvirkni við aftöku mjaltatækja. Ástæður þess að aflað var upplýsinga um þennan þátt er vegna augljósra vinnuhagræðingaráhrifa við mjaltir, þannig er t.d. ljóst að básafjós með brautarkerfum eru allt annar vinnustaður en hefðbundin básafjós.

Athygli skal vakin á því að öll gagnavinnsla miðast við þá mjaltatækni sem var í notkun við árslok og að þessu sinni 2017. Þessi skilgreining gerir það að verkum að t.d. upplýsingar um afurðasemi búna, sem skipta um mjaltatækni innan ársins, verða ekki alltaf rétt metnar. Þar sem flestir skipta úr hefðbundinni tækni í mjaltapjóna hefur þessi skilgreining t.d. áhrif til lækkunar á væntanlegri afurðasemi viðkomandi mjaltatækni.

Eftirtaldir aðilar aðstoðuðu við hina viðamiklu gagnaöflun:

Anna Margrét Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Eiríkur Loftsson, ráðunautur hjá RML

Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu svf.

Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML

Hákon Bjarki Harðarson, frjótæknir hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Hans Egilsson, mjólkureftirlitsmaður Auðhumlu svf.

Helgi Már Ólafsson, frjótæknir hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa ehf.

Jón Þór Jósefsson, gæðastjóri Mjólkursamlags KS

Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, ráðunautur hjá RML

Kristján Óttar Eymundsson, ráðunautur hjá RML

Ómar Sigurvin Jónsson, fagsviðsstjóri Búnaðarstofu

Róbert Örn Albertsson, tæknilegur ráðgjafi hjá Líflandi ehf.

Sigríður Bjarnadóttir, mjólkureftirlitsmaður Auðhumlu svf.

Sigurður Grétarsson, mjólkureftirlitsmaður Auðhumlu svf.

Sigurður Jarlsson, ráðunautur hjá RML

Sigurður Max Jónsson, frjótæknir hjá Kynbótastöð Suðurlands

Sigurður Kristjánsson, skýrsluhaldsfulltrúi hjá RML

Sævar Örn Gíslason, sölustjóri hjá Landstólpa

Sverrir Geirmundsson, sölumaður hjá VB landbúnaði ehf.

Valþór Freyr Þráinsson, frjótæknir hjá Búnaðarsambandi Suður-Pingeyinga

Eru framangreindum aðilum færðar þakkir fyrir þá aðstoð sem var veitt. Skýrslan var unnin af Snorra Sigurðssyni og prófórk yfirfarin af Sigurði Þórðarsyni. Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkti gerð þessarar skýrslu.

Efnisyfirlit

Samantekt	5
1. Grunngerðir fjósa	6
Mynd 1: Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994-2017	6
2. Flokkun fjósgerða og mjaltatækni.....	7
Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, þróun í fjölda á landsvísu.	7
Mynd 2: Hlutfallsleg skipting fjósgerða og mjaltatækni á landsvísu.....	7
Tafla 2: Básafjós með rörmjaltakerfi	8
Tafla 3: Básafjós með mjaltabás	8
Tafla 4: Lausagöngufjós án mjaltabjóna.....	9
Tafla 5: Lausagöngufjós með mjaltabjónum	9
3. Samspil fjósgerða, mjaltatækni og afurða	10
Tafla 6. Vegnar meðalafurðir kúabúa síðustu ár, fjöldi bóa og hlutfall, eftir fjósgerðum og mjaltatækni. .	10
Tafla 7. Vegnar meðalafurðir kúabúa með beint meðaltal >6000 kg/kú, fjöldi bóa og hlutfall, eftir fjósgerðum og mjaltatækni.	11
4. Samspil fjósgerða og bústærðar.....	12
Tafla 8. Meðalfjöldi árskúa (skv. skýrsluhaldi RML) eftir fjósgerð og mjaltatækni.	12
Mynd 3: Hlutfallsleg skipting árskúa eftir fjósgerðum.....	13
5. Útbreiðsla vinnuléttandi tækni við mjaltir	14
Tafla 9: Fjósgerðir og vinnuléttandi tækni við mjaltir.....	14


Samantekt

- ❖ Fjöldi fjósa í framleiðslu á Íslandi var 573 í árslok 2017 en var 618 í lok ársins 2015, sem þýðir fækkun um 7,3% á tveimur árum sem er töluvert meiri fækkun fjósa en varð 2013-2015 er hún var 3,4%.
- ❖ Básafjós eru ekki lengur algengust á Íslandi og nú hafa lausagöngufjós tekið yfir og eru 52,0% allra fjósa.
- ❖ 68,7% kúnna á Íslandi eru nú í lausagöngu, sem er veruleg aukning frá árinu 2015 er 60,3% kúnna var í lausagöngu.
- ❖ Hlutfall mjólkur frá kúm í lausagöngu reiknast nú 71,1% framleiðslunnar og eykst úr 62,2% frá því fyrir tveimur árum.
- ❖ Kýr í lausagöngu eru að jafnaði afurðahærri en kýr í básafjósum.
- ❖ Lausagöngufjós með mjaltþjónum eru afurðahæstu bú landsins að meðaltali, bæði ef horft er til heildarinnar en einnig ef eingöngu er horft til afurðahæstu búa landsins (hærri nyt en 6.000 kg/árskú).
- ❖ Lausagöngufjós með mjaltþjónum eru stærstu bú landsins að jafnaði með 67,2 árskýr.
- ❖ Mest hlutfallsleg aukning frá árinu 2015 á fjölda kúa varð í stærðarflokki búa með fleiri en 80 árskýr en 17,5% kúa landsins er að finna á búum í þessum stærðarflokki
- ❖ Nokkur nýbýli hafa verið stofnað frá síðustu samantekt, en flest þessara fjósa voru áður í framleiðslu og hafa nú hafið framleiðslu á ný.
- ❖ Á Íslandi finnast enn allar grunngerðir mjaltatækni sem þekktar eru í heiminum, þó er ekki lengur handmjólkað hér á landi en síðasta búið hér á landi sem viðhafði handmjaltir hætti framleiðslu um áramótin 2014-2015.
- ❖ Það eru einungis fjögur fjós á landinu þar sem mjólkað er með vél fötum.
- ❖ Sjálfvirkir aftakarara eru í 8,0% mjaltabásafjósa og í 30,5% fjósa með rörmjaltakerfi og samtals í 52,4% þeirra fjósa þar sem mjólkað er með hefðbundnum hætti.

1. Grunngerðir fjósa

Þegar rætt er um grunngerðir fjósa er venja að skipta þeim upp eftir því hvort kýrnar eru haldnar í lausagöngufjósum (lausar) eða í básafjósum (bundnar með einum eða öðrum hætti). Samtals voru 573 fjós í framleiðslu á Íslandi við árslok 2017, en þau voru 618 í árslok 2015, 640 fjós í árslok 2013 og 659 haustið 2011. Frá 2015 hefur því fjósum á landinu fækkað um 7,3% en árin tvö þar á undan fækkaði þeim um 3,4%. Frá árinu 2015 hafa 3 nýbýli bæst við hóp fjósa í framleiðslu, en einkenni nýbýla undanfarna ár hefur þó verið að flest þessara fjósa voru áður í mjólkurframleiðslu en höfðu lagt niður framleiðslu um skeið.

Undanfarna áratugi hafa orðið gríðarlega miklar breytingar í húsvist íslenskra mjólkurkúa frá því að flestar kýr hafi verið hýstar í básafjósum yfir í að vera hýstar í lausagöngufjósum og hefur meirihluti kúnna nú í nokkur ár verið í lausagöngufjósum. Básafjósir voru þó ráðandi í fjölda, enda oftast töluvert minni en lausagöngufjósir. Þeim hefur þó fækkað hratt undanfarna ár og eru nú 275 talsins eða 48,0% af heildarfjölda fjósa á Íslandi en þau voru 56,6% fjósa landsins í árslok 2015 og 61,4% í árslok 2013. Er því svo komið nú að þau eru ekki lengur ráðandi í fjölda hér á landi og hafa lausagöngufjósir nú tekið við sem algengasta fjósgerðin á Íslandi. Þessi breyting hefur gengið afar hratt fyrir sig og má nefna sem dæmi að fyrir áratug var hlutfall þessara fjósa 70,3% og sé farið rúmlega tvo áratugi aftur í tímann var hlutfall þessarar fjósgerðar 96,4% hér á landi. Á mynd 1 má sjá hvernig þróunin hefur gengið fyrir sig síðustu áratugi. Eins og sjá má gengu breytingarnar nokkuð hratt fyrir sig fram undir hrun en svo hægði verulega á þróuninni, sem hefur svo aftur tekið mikinn kipp síðustu tvö ár.




Mynd 1: Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994-2017

2. Flokkun fjósgerða og mjaltatækni

Við skýrslugerðina var fjósgerðum að vanda skipt upp í tvo yfirflokkka og samtals sex undirflokkka (sjá töflu 1 og mynd 2). Yfirflokkarnir voru eins og áður básafjós og lausagöngufjós, en undirflokkarnir tóku mið af þeirri mjaltatækni sem var í notkun á hverjum stað. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur fram fækkun í öllum flokkum fjósgerða nema mjaltþjónafjósa. Mest fækkun verður á hefðbundnum básafjósum líkt og fyrri ár og fækkar þeim um nærri fjórðung á einungis tveimur árum. Þá fækkar einnig bæði básafjósum með mjaltabás og lausagöngufjósum með mjaltabás en nokkrum hluta þeirra hefur verið breytt á síðustu tveimur árum í mjaltþjónafjós, en nokkur hafa hætt starfsemi. Þá kemur jafnframt fram í gögnunum að mjaltþjónafjósum hefur ekki fjölgað jafn mikið á tveimur árum frá upphafi skráninga og árabilið 2015 til 2017.

Tafla 1: Fjósgerðir og mjaltatækni, þróun í fjölda á landsvísu.

	2003	2005	2007	2009	2011	2013	2015	2017	Breyting sl. 2 ár
Básafjós m. fötukerfi*	24	16	13	10	9	7	4	4	
Básafjós m. rörmjaltakerfi	614	487	422	373	343	323	288	220	-23,6%
Básafjós m. mjaltabás	114	85	69	63	66	62	58	51	-12,1%
Lausagöngufjós án mjaltþjóns	107	133	140	143	141	139	133	118	-11,3%
Lausagöngufjós m. mjaltþjóni	11	39	74	95	99	108	135	180	+33,3%
Annað	3	2	2	1	1	1	0	0	
Samtals	873	762	720	685	659	640	618	573	-7,3%



* Ekki skilgreint 1994-1997

Mynd 2: Hlutfallsleg skipting fjósgerða og mjaltatækni á landsvísu

Í töflum 2-5 hefur fjósgerðunum verið raðað niður eftir landshlutum. Svæðisskiptingin er þannig að fjósin á Vesturlandi frá Kjalarnesi í suðri, Dölum og Vestfjörðum eru flokkuð saman en alls eru 106 fjós á þessu stóra svæði en voru 116 í lok árs 2015 og 121 í lok árs 2013. Þá eru Húnavatnssýslur og Skagafjörður saman sem Norðurland vestra með 94 fjós en þau voru 98 í lok árs 2015 og 102 í lok árs 2013. Til Norðurlands, frá Tröllaskaga í vestri og til og með Þingeyjarsveitar í austri, heyrta nú 82 fjós en þau voru 92 í lok árs 2015 sem var sami fjöldi og var í árslok 2013. Til Norðurlands eystra og Austurlands, frá austurmörkum Þingeyjarsveitar í vestri til og með Fljótdalshéraði í austri, heyrta nú 69 fjós, en þau voru 78 í árslok 2015 og 80 í árslok 2013. Þá flokkast saman 58 fjós til Suðausturlands og Austfjarða, en það stóra svæði nær þaðan sem Fljótsdalshéraði sleppir að Markarfljóti. Á þessu svæði voru 67 fjós í árslok 2015 og 73 í árslok 2013. Þá heyrta til Suðurlands 164 fjós en þau voru 167 í árslok 2015 og 171 í árslok 2013.

Undanfarin ár hefur sést að verulegur munur hefur verið á fjósgerðum eftir því hvar þau eru staðsett á landinu og er ljóst að búskaparform, þ.e. hvort um blandaðan búrekstur er að ræða eða t.d. möguleikar á aukatekjum s.s. frá hlunnindum eða öðru, hefur töluverð áhrif á uppbyggingu búanna.

Í töflu 2 má sjá skiptingu básafjósa með rörmjaltakerfum eftir landssvæðum og líkt og undanfarin ár sker Suðurland sig úr með lágt hlutfall þessarar fjósgerðar. Önnur svæði hafa nokkuð breytilegt hlutfall af þessari gerð en hæsta hlutfallið er að finna á Suðausturlandi og Austfjörðum þar sem 56,9% fjósanna eru þessarar gerðar.

Tafla 2: Básafjós með rörmjaltakerfi

	Fjöldi	Hlutfall innan svæðis	Hlutfall á landsvísu
Vesturland, Dalir og Vestfirðir	44	41,5%	20,0%
Norðurland Vestra	39	41,5%	17,7%
Norðurland	27	32,9%	12,3%
Norðurland eystra og Austurland	38	55,1%	17,3%
Suðausturland og Austfirðir	33	56,9%	15,0%
Suðurland	39	23,8%	17,7%
	220	38,4%	

Í töflu 3 má sjá hvernig básafjósum með mjaltabás deilast niður á landssvæði og er hlutfall þessara fjósa innan svæðanna mjög svipað eða á bilinu 6,9-12,3%.

Tafla 3: Básafjós með mjaltabás

	Fjöldi	Hlutfall innan svæðis	Hlutfall á landsvísu
Vesturland, Dalir og Vestfirðir	13	12,3%	25,5%
Norðurland Vestra	9	9,6%	17,6%
Norðurland	6	7,3%	11,8%
Norðurland eystra og Austurland	5	7,2%	9,8%
Suðausturland og Austfirðir	4	6,9%	7,8%
Suðurland	14	8,5%	27,5%
	51	8,9%	

Fjórða tafla inniheldur samantekt um lausagöngufjós án mjaltabjóna og þar sker Suðurland sig úr með langhæsta hlutfall þessarar gerðar á landsvísu eða 44,9%. Þá er athyglisverður sá munur sem er almennt á milli landshluta þegar horft er til þessarar fjósgerðar, sem skýrist að hluta af fjósgerðinni sem fjallað er um í töflu 5, þ.e. lausagöngufjósum með mjaltabjónum.

Tafla 4: Lausagöngufjós án mjaltþjóna

	Fjöldi	Hlutfall innan svæðis	Hlutfall á landsvísu
Vesturland, Dalir og Vestfirðir	24	22,6%	20,3%
Norðurland Vestra	9	9,6%	7,6%
Norðurland	15	18,3%	12,7%
Norðurland eystra og Austurland	8	11,6%	6,8%
Suðausturland og Austfirðir	9	15,5%	7,6%
Suðurland	53	32,3%	44,9%
	118	20,6%	

Lausagöngufjósum með mjaltþjóna hefur fjölgað í öllum landshlutum frá síðasta uppgjöri fyrir árabilið 2013-2015. Lægst er hlutfall þessarar fjósgerðar á Suðausturlandi og Austfjörðum eða 20,7% fjósgerðanna. Norðurland er svo það svæði þar sem hlutfall þessarar fjósgerðar er hæst eða 41,5% allra fjósa.

Tafla 5: Lausagöngufjós með mjaltþjónum

	Fjöldi	Hlutfall innan svæðis	Hlutfall á landsvísu
Vesturland, Dalir og Vestfirðir	24	22,6%	13,3%
Norðurland Vestra	36	38,3%	20,0%
Norðurland	34	41,5%	18,9%
Norðurland eystra og Austurland	17	24,6%	9,4%
Suðausturland og Austfirðir	12	20,7%	6,7%
Suðurland	57	34,8%	31,7%
	180	31,4%	

3. Samspil fjósgerða, mjaltatækni og afurða

Fengnar voru upplýsingar frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) um meðalafurðir allra bóa í skýrsluhaldi og voru þær upplýsingar samkeyrðar við gagnagrunninn um fjósgerðir og mjaltatækni. Tekið skal fram að við útreikning á samspili fjósgerða, mjaltatækni og afurða er alltaf notað uppgjör allra bóa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvort þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Þá koma sum bóa ekki til uppgjörs vegna vanskila á skýrslum eða annarra óvissuþátta. Þessi reikniaðferð ber auðvitað með sér ákveðna skekkju og skal tekið með fyrirvara enda má t.d. ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltapjónatækni vegna tíðari mjalta.

Unnt var að nota skýrsluhaldsupplýsingar úr 567 fjósum af þeim 573 sem þetta uppgjör nær til.

Vegna þess hve fá fjós eru með fötukerfi var sá flokkur felldur út við þessa úrvinnslu. Eftir stóðu þá upplýsingar frá 563 skýrsluhaldsbúum sem unnið var með og má sjá sundurliðun talnanna í töflu 6 en um vegnar meðalafurðir er að ræða þ.e. tekið tillit til fjölda árskúa á viðkomandi búum. Í töflunni er sýndur samanburður við undanfarin uppgjörsár.

Tafla 6. Vegnar meðalafurðir kúabúa síðustu ár (skv. skýrsluhaldi RML), fjöldi bóa og hlutfall, eftir fjósgerðum og mjaltatækni.

	2011		2013		2015		2017	
	Meðalnyt, kg	Fjöldi bóa	Meðalnyt, kg	Fjöldi bóa	Meðalnyt, kg	Fjöldi bóa	Meðalnyt, kg	Fjöldi bóa
Básafjós með rörmjaltakerfum	5.220	281	5.301	274	5.410	249	5.590	217
Básafjós með mjaltabásu	5.369	63	5.494	58	5.775	57	6.066	50
Lausagöngufjós án mjaltapjóna	5.567	133	5.582	133	5.637	131	6.045	117
Lausagöngufjós með mjaltapjónum	5.720	93	6.013	102	6.163	127	6.537	179
Meðaltal / fjöldi	5.471	570	5.608	567	5.773	564	6.163	563

Vegin meðalnyt síðustu 12 mánaða hjá þessum 563 búum var 6.163 kg og í töflunni kemur fram að lausagöngufjós með mjaltapjónum eru að jafnaði með hæstu meðalnytina yfir landið og er það í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára. Næst afurðahæstu búin eru svo básafjós með mjaltabásu en munurinn á þeim og lausagöngufjósum án mjaltapjóna er vart marktækur. Meta má áhrif tíðari mjalta (með notkun mjaltapjóna) á framleiðsluna með því að skoða muninn á meðalafurðum fjósa með mjaltapjóna annars vegar og annarra fjósgerða hinsvegar. Fjós án mjaltapjóna eru að jafnaði með 7,5% minni framleiðslu á hverja árskú en fjós með mjaltapjónum. Þetta er allnokkuð undir þeim væntingum sem gera má til mjaltapjónatækninnar en hluta af skýringunni má þó rekja til áður nefndar skýringar á útreikningum, en þar sem það á einungis við um þau bú sem skiptu um mjaltatækni á árinu skýrir það ekki nema lítinn hluta. Benda niðurstöðurnar því til þess að bæta megi verulega afurðasemi kúa á sumum mjaltapjónabúum landsins.

Þegar fjósgerðir eru flokkaðar eftir meðalnyt sem er hærri en 6.000 kg/kú (tafla 7) þá kemur í ljós að mun minna bil er á milli meðalafurða ólíkra fjósgerða enda er þetta viðmið, sem notað hefur verið í þessar skýrslur um þróun fjósgerða og mjaltatækni í nærri áratug, í fyrsta skipti lægra en vegið

meðaltal landsins. Alls eru 307 fjós með hærri meðalnyt en 6.000 og af þeim eru mjaltþjónafjósir hæst með 6.945 kg. Hér vekur jafnframt athygli að ef afurðasemi allra búna í þessum flokki, þ.e. með hærri meðalnyt en 6.000 kg á árskúna, sem ekki nota mjaltþjóna eru skoðuð kemur í ljós að þau eru að jafnaði ekki nema með 4,7% minni meðalafurðir en mjaltþjónabúin í þessum sama flokki. Þetta er langtum minni munur en vænta má þegar mjaltþjónar eru notaðir.

Tafla 7. Vegnar meðalafurðir kúabúna (skv. skýrsluhaldi RML með beint meðaltal >6000 kg/kú), fjöldi búna og hlutfall, eftir fjósgerðum og mjaltatækni.

	2011 >6.000 kg/kú		2013 >6.000 kg/kú		2015 >6.000 kg/kú		2017 >6.000 kg/kú	
	Meðalnyt, kg	Fjöldi búna	Meðalnyt, kg	Fjöldi búna	Meðalnyt, kg	Fjöldi búna	Meðalnyt, kg	Fjöldi búna
Básafjós með rörmjaltakerfum	6.530	57	6.447	62	6.540	64	6.598	81
Básafjós með mjaltabásunum	6.399	20	6.547	18	6.540	23	6.635	25
Lausagöngufjós án mjaltþjóna	6.424	38	6.460	38	6.477	43	6.626	68
Lausagöngufjós með mjaltþjónunum	6.562	42	6.566	59	6.756	78	6.945	133
Meðaltal / fjöldi	6.499	157	6.515	177	6.639	208	6.802	307

4. Samspil fjósgerða og bústærðar

Við úrvinnsluna var auk upplýsinga úr gagnagrunni um fjósgerðir og mjaltatækni stuðst við upplýsingar úr skýrsluhaldi RML, þ.e. um fjölda árskúa.

Meðalbústærð fjósanna í uppgjörinu var 45,9 árskýr en meðalbústærðin var 43,4 árskýr í síðasta uppgjöri. Alls voru 282 kúabú með færri en 40 árskýr í þessu uppgjöri eða 49,2%. Árið 2015 var þetta hlutfall 51,6% og árið 2013 var þetta hlutfall 60,8% og fækkar því verulega fjósum af þessari bústærð. Bú á bilinu 40-80 árskýr voru alls 250 talsins eða 43,6% en árið 2015 var þetta hlutfall 42,7% og árið 2013 var hlutfall þessarar bústærðar 35,5%. Fjós með fleiri en 80 árskýr voru alls 41 sem svarar til 7,2% en árið 2015 voru 5,7% fjósanna í þessum stærðarflokki og árið 2013 var 3,8% fjósa landsins í þessum stærðarflokki. Þá voru 21 bú með fleiri en 100 árskýr og 2 bú með fleiri en 200 árskýr.

Sé horft til fjölda kúa í hverjum stærðarflokki þá voru 7.711 árskýr af 26.297 árskúm á búum með færri en 40 árskýr, sem svarar til 29,3% kúnna. Árið 2015 var þetta hlutfall 31,5% og árið 2013 40,9%.

Þá voru 13.990 árskýr eða 53,2% kúnna á búum með 40-80 árskýr en árið 2015 var þetta hlutfall 54,4% og árið 2013 49,0%. Hlutfall kúa í þessari bústærð hefur því lækkað lítillega síðust tvö árin. Undanfarin ár hefur hinsvegar kúm í fjósum með fleiri en 80 árskýr fjölgað hlutfallslega mest. Árið 2013 var 10,1% kúnna í fjósum af þessari stærð, árið 2015 14,1% og nú 17,5% kúnna.


Þegar litið er til einstakra fjósgerða kemur ekki á óvart að lausagöngufjós með mjaltþjónum tróna þar á toppnum með að meðaltali 67,2 árskýr (tafla 8) sem er heldur minni fjöldi en var í þessari fjósgerð árið 2015 en þá nam fjöldinn 69,8 og árið 2013 voru 64,7 árskýr að jafnaði í þessum fjósum. Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta borið þar sem hönnun þeirra byggir á því að hver mjaltþjón geti þjónað 60-70 kúm á hverjum tíma eða um 70-80 árskúm. Þetta meðaltal nær til fjósa sem eru með fleiri en einn mjaltþjón en að jafnaði eru 1,23 mjaltþjónar á hverju mjaltþjónabúi og því má ætla að þessi bú geti sinnt 86-98 árskúm. Næst stærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltþjóns og þar á eftir básafjós með mjaltabásunum.

Tafla 8. Meðalfjöldi árskúa (skv. skýrsluhaldi RML) eftir fjósgerð og mjaltatækni.

	2013		2015		2017	
	Árskýr, meðaltal	Meðalfrávik	Árskýr, meðaltal	Meðalfrávik	Árskýr, meðaltal	Meðalfrávik
Básafjós með fötukerfum	10	2,8	11,5	4,2	11,3	3,4
Básafjós með rörmjaltakerfum	27,2	11,3	28,4	10,6	28,1	10,2
Básafjós með mjaltabásunum	37,9	12,9	41,5	15,8	40,1	15,9
Lausagöngufjós án mjaltþjóna	45,5	15,4	50,7	17,7	50,2	16,9
Lausagöngufjós með mjaltþjónum	64,7	22,3	69,8	27,3	67,2	31,9

Af töflum 6 og 8 má ætla framleiðslugetu hverrar fjósgerðar sem hlutfall af heild. Árið 2009 var reiknuð framleiðsla allra lausagöngufjósa 51,7%, reiknaðist 54,4% árið 2011, 56,3% árið 2013, 62,2% árið 2015 og reiknast nú 71,1%.

Horft til fjölda kúa þá fór hlutfall þeirra sem voru í lausagöngu úr 50,0% árið 2009 í 52,6% árið 2011 í 54,3% árið 2013 í 60,3% árið 2015 og nú er þetta hlutfall 68,7%. Nánar má sjá þessa þróun á mynd 3.



Mynd 3: Hlutfallsleg skipting árskúa eftir fjósgerðum

5. Útbreiðsla vinnuléttandi tækni við mjaltir

Árið 2009 voru í fyrsta skipti teknar saman upplýsingar um vinnuléttandi tækni við mjaltir, þ.e. upplýsingar um brautakerfi í básafjósum, aftakarakerfum í básafjósum og tíðni aftakarakerfa í mjaltabásum. Var þetta gert til þess að varpa betur ljósi á þær vinnuaðstæður sem kúabændur landsins búa við, enda er einn mesti vinnusparnaður við mjaltir talinn felast í aftakarataekninni. Árið 2011 mátti greina örlitla breytingu til batnaðar frá fyrstu mælingu, þ.e. að notkun þessarar tækni var að aukast en síðan hafa breytingarnar verið heldur hægar en þó þokast í rétta átt. Í töflu 9 má sjá hvernig staðan er í dag varðandi þennan þátt og þar kemur fram að nokkur hlutfallsleg aukning hefur orðið bæði í básafjósum og lausagöngufjósum á liðnum tveimur árum. Alls eru nú aftakarar í 206 af 393 fjósum þar sem notast er við hefðbundna mjaltatækni eða í 52,4% fjósanna.

Tafla 9: Fjósgerðir og vinnuléttandi tækni við mjaltir.

	2009	2011	2013	2015	2017
	Hlutfall með aftakara og/eða brautarkerfi				
Fjós með rörmjaltakerfum	20,9%	23,3%	24,8%	25,3%	30,5%
Fjós með mjaltabásum	79,6%	81,8%	80,8%	79,0%	84,0%